

Kópavogi 25.10.89.

Til Bæjarráðs.

Við undirrituð óskum eftir að taka á leigu lóð
no.15. við lækjarbotna. Þar stendur bústaður sem
er aðfalli kominn og til mikillar óprýði.

Við vidum gjarnan fá að rífa húsið, rækta upp lóðina
og byggja nýtt sumarhús á grunni þess gamla.

AFRIT

Virðingarfyllst

Theodór J. Söbech.

Sigríður A. Guðnadóttir


ástúni 12. kópavogi.

Sími 42785.



15-11-89
E.S.

Lokarbotnas 15



Færskalað í aðbrot og þremur

$$\underline{\underline{F = 630 \text{ m}^2}}$$

$$\underline{\underline{186 \text{ m}^3 \text{ SKK FUR}}}$$

Bæjarráð 14/12 89

- b) Tekið fyrir erindi Theódórs Soebach og Sigríðar Guðnadóttur sem frestað var á fundi bæjarráðs 30. nóv. sl. liður 4C.

Bæjarráð samþykkir erindið.

3. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga vegna útsvarsprósentu.
- Lagt fram erindi Samb. ísl. sveitarfélaga dags. 4. des. 1989 um ákvörðun um útsvarsprósentu v/staðgreiðsluskila 1990 og álagningarprósentu 1991.
4. Álagning gjalda 1990. Guðrún Pálsdóttir fjármála- og hagsýslustjóri mætti á fundinum vegna þessa liðar.

Álagning gjalda

Tillaga A

Tillögur Alþýðubandalags og Alþýðuflokks um álagningu gjalda:

1. Bæjarráð samþykkir að útsvarsálagning verði 6,7%.
 2. Að innheimta fasteignaskatt skv. a lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga án afsláttar og skv. b lið 3. gr. með 25% álagi.
 3. Að gjalddagar fasteignagjalda skuli vera 10, þ.e. 10. jan., 1. febr., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. sept., og 1. okt. Greiðast þau að 1/10 á hverjum gjalddaga.
- Að þeir gjaldendur er greiða fasteignagjöld að fullu fyrir 25. janúar fái 10% afslátt.
- Að elli- og örorkulífeyrisþegar er njóta lækkunar fasteignaskatts skuli fá afslátt samkvæmt sömu reglum og aðrir gjaldendur af þeim hluta er þeim ber að greiða.
4. Að fela framtalsnefnd, með tilliti til 3. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, að fella niður fasteignaskatt ellilífeyrisþega af eigin íbúð, sem þeir búa í á eftirfarandi hátt:

a) Fyrir einstaklinga:

Brúttótekjur 1989 allt að 693 þús. kr.	100% niðurf.
" " " " 822 " "	70% "
" " " " 933 " "	30% "

Fyrir hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar:

Brúttótekjur 1989 allt að 988 þús. kr.	100% niðurf.
" " " " 1.118 " "	70% "
" " " " 1.268 " "	30% "

LÓÐARLEIGUSAMNINGUR

Innfært

21 MAR 2001

BÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI


Gjörir með leigusamningi þessum kunnugt: *Harl. Þ. Bergsson*

að ég leigi hér með: **Theódór J. Söbech kt. 161058-3359**
Sigríður Guðnadóttir kt. 250460-5039

til heimilis: Lundarbrekku 10, 200 Kópavogi

spildu úr landi Lækjarbotna með eftirgreindum nánari skilmálum:

1. Landið er nefnt: Lækjarbotnaland nr. 15.
Flatarmál þess er 4.575 fermetrar og lögun þess eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti.
2. Landið er leigt til 1. maí 2010, en fellur að þeim tíma liðnum aftur til kaupstaðarins.
3. Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur, sem hvíla á landspildunni eða kunna að verða lagðar á hana til opinberra þarfa landeiganda að kostnaðarlausu.
4. Leigugjald fyrir lóðina skal vera kr. 2,26 pr. fermetra á ári. Leigutaki skuldbindur sig til að hlíta þeim breytingum á leigugjaldinu, sem bæjarstjórn Kópavogs kann að ákveða bæði hvað varðar upphæð þess, gjalddaga og greiðslustað.
5. Leigugjaldið skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og er gjalddagi 15. janúar ár hvert fyrir árið, sem í hönd fer. Sé leigugjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga skal leigutaki greiða dráttarvexti af vanskilum sínum með sama hætti og gildir um fasteignaskatt skv. ákvæðum laga á hverjum tíma. Leigugjaldið ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885. Mannvirki, sem á lóðinni eru, eru að veði fyrir skilvísri greiðslu leigunnar, að óskertum rétti samningsveðhafa.




15. Aðrir skilmálar:

Hús, sem eru eða byggð kunna að verða á landinu skal hita upp með kolum, koxi eða gasi, eða rafmagni, ef leyft verður. Óheimilt er að nota olíu til upphitunar og óheimilt að geyma olíu og bensín á landinu. Varðandi umgengni, þrifnað og meðferð úrgangsefna, hverju nafni sem nefnast, skal fara eftir fyrirmælum heilbrigðiseftirlits Kópavogs og þeim reglum öðrum, sem þar um kunna að verða settar.

Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Bæjarstjórinn í Kópavogi

.....


Ég undirritaður leigutaki geng að öllum framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til þess að halda þá í öllum greinum.

Kópavogi... 1405'01

.....
Sigríður A. Guðnað
Theodor J. Spektel


Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

..... kt. 180268-3679

..... kt. 030333-7999



007516



Lóðarleigusamningur

BÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI
samkvæmt umboði bæjarráðs Kópavogs



leigir hér með:

Theódór Júlíus Söbech
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Lundarbrekka 10, 200 Kópavogi

kt. 161058-3359 og
kt. 250460-5039

lóð úr landi Kópavogsbæjar undir frístundahús með eftirgreindum skilmálum:

1. Lóðin

Lóðin; Lækjarbotnaland nr. 15, fastanr. 232-9678 (landnr. 116972) er að flatarmáli ca. 4575 m² og lögun hennar eins og sýnt er á meðfylgjandi mæliblaði dags. 7. mars 2012 og/eða afstöðumynd, sem er hluti þessa samnings.

Á lóðinni eru kvaðir samkvæmt viðfestum uppdrætti. Auk þess er á lóðinni almenn kvöð um hvers konar lagnir bæjarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á.

Lóðarhafa er skylt að hlíta skipulagsskilmálum, samþykktum byggingarnefndar og byggingarfulltrúa og séruppdráttum varðandi mannvirki á lóðinni, lagnir, leiðslur og um frágang lóðar.

2. Leigutími.

Leigutími lóðarinnar er tímabundinn. Lóðin er leigð til 20 ára frá 1. júlí 2013 til 1. júlí 2033.

3. Afhending lóðar og skilmálar.

Lóðarhafi tekur við lóðinni í því ástandi sem hún er í við afhendingu hennar sem hann sættir sig við að öllu leyti. Lóðarhafa er skylt að hlíta skilmálum sem um lóðina gilda, sem Kópavogsbær setur.

4. Leigugjald.

Leigugjald fyrir lóðina skal vera samkvæmt gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma og tekur hún breytingum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar árlega. Við gerð þessa samnings er ársleigan kr. 19,48 pr. m².

Leigugjaldið skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkera og er gjalddagi fyrir árið sem í hönd fer, hinn sami og gjalddagi fasteignagjalda hverju sinni. Ekki er krafist

tryggingar úr hendi leigutaka. Sé leigugjaldið eigi greitt á réttum gjalddaga skal leigutaki greiða dráttarvexti af vanskilum sínum með sama hætti og gildir um fasteignagjöld skv. ákvæðum laga á hverjum tíma. Leigugjaldið ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885. Mannvirki sem á lóðinni standa eru að veði fyrir skilvísri greiðslu leigunnar að óskertum rétti samningsveðhafa.

5. Skattar og skyldur.

Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur til opinberra þarfa sem hvíla á lóðinni og gjöld sem eru eða verða lögð á hina leigðu lóð og mannvirki á henni, bæjarsjóði Kópavogs að kostnaðarlausu.

6. Notkun lóðar.

Lóðin er leigð undir frístundahús sem á lóðinni stendur. Óheimilt er að nota lóðina til heilsársbúsetu eða fyrir atvinnustarfsemi eða á nokkurn annan hátt sem ekki samrýmist eðlilegri notkun lóðar fyrir frístundahús. Skráning lögheimilis á lóðinni er með öllu óheimil.

7. Viðhald og rekstur hins leigða.

Leigutaka ber að fara vel með hið leigða og í samræmi við umsamin afnot þess. Leigutaki ber allan kostnað af viðhaldi og rekstri hins leigða.

8. Mannvirki á lóð.

Leigutaka er óheimilt að byggja við eða endurbyggja þau mannvirki sem á lóðinni eru við undirritun þessa lóðarleigusamnings nema með samþykki leigusala. Framkvæmdir við mannvirki eru einungis heimilar vegna eðlilegs viðhalds.

9. Girðingar og umferðarréttur.

Leigutaka er óheimilt að reisa girðingar á lóðarmörkum. Um för almennings, umgengni og umferðarrétt fer eftir gildandi lögum um almannarétt á hverjum tíma.

10. Umhverfisvernd.

Óheimilt er að raska jarðvegi, öðrum jarðmyndunum, vistkerfum eða gróðri á hinu leigða landi eða nágrenni þess án sérstaks leyfis leigusala. Leigutaka ber að kynna sér og fara eftir viðeigandi lögum og reglum um náttúruvernd.

Hin leigða lóð er á vatnsverndarvæði og skal leigutaki taka mið af því við alla umgengni um svæðið og gæta þess að fara eftir viðeigandi fyrirmælum heilbrigðiseftirlits, lögum og reglum varðandi umgengni, þrífnað og meðferð úrgangsefna. Óheimilt er að nota olíu til upphitunar og óheimilt að geyma olíu og bensín á lóðinni.

11. Forkaupsréttur.

Kópavogsbær hefur forkaupsrétt við framsal leigutaka á mannvirkjum og leiguréttindum.

12. Framleiga og framsal.

Framleiga þess leigða er leigutaka heimil án samþykkis leigusala. Leigutaki skal tilkynna leigusala um framleigu þess leigða innan fjögurra vikna frá gerð samnings þar um.

13. Veðsetning.

Leigutaka er heimilt, án samþykkis leigusala, að veðsetja leigurétt sinn í heild ásamt mannvirkjum sem þar standa.

14. Yfirtaka leiguréttinda o.fl.

Hvenær sem bæjarstjórn telur sér þörf á að taka lóðina í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti er leigutaka skyld að láta leigurétt sinn og lóðina af hendi. Fyrir byggingar og önnur mannvirki á lóðinni skal bæjarsjóður þá greiða leigutaka eftir mati, nema öðruvísi semjist. Fyrir umbætur á lóð, svo sem trjá- og garðrækt skal farið samkvæmt 5. mgr. 14. gr. laga nr. 75/2008 um fristundabyggð og leigu lóða undir fristundahús eða laga sem koma í þeirra stað.

15. Tilkynningar og orðsendingar.

Þurfi aðilar samnings þessa koma á framfæri við gagnaðila orðsendingum eða tilkynningum skulu þær sendar sannanlega með skriflegri tilkynningu.

16. Lok leigutíma.

Leigusamningi þessum lýkur á umsömdum degi. Leigusali skal eigi síður en tveimur árum fyrir lok leigusamnings senda leigutaka skriflega tilkynningu um samningslok samkvæmt umsömdum degi. Um lok leigutíma, tómlætisverkan og málskotsrétt aðila til úrskurðarnefndar fristundamála gilda ákvæði laga nr. 75/2008 um fristundabyggð og leigu lóða undir fristundahús eða laga sem koma þeirra í stað.

17. Vanefndir.

Kópavogsbæ er heimilt að rifta samningi þessum sé viðhald mannvirkja á landinu óviðunandi að álitu heilbrigðisyrivalda. Kópavogsbæ er jafnframt heimilt að rifta samningi þessum verði verulegar vanefndir á greiðslu leigugjalda. Að öðru leyti gilda almennar reglur um riftun vegna hverskonar vanefnda leigutaka á samningi þessum.

18. Þinglýsing.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á samningi þessum og stimpilgjald.

19. Annað.

Að öðru leyti fer um samning þennan eftir lögum nr. 75/2008 um fristundabyggð og leigu lóða undir fristundahús.

Í drögum að aðalskipulagi 2012-2024 er gert ráð fyrir að byggð á Lækjarbotnasvæðinu víki og verði opið svæði til útivistar og er aðilum samnings kunnugt um það.

Með samningi þessum eru felldir úr gildi eldri samningar um sömu lóð.

Rísi dómsmál vegna samnings þessa skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hverjum aðila og eitt til þinglýsingar.

Framangreindu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín eigin hendi í viðurvist tveggja votta.


Bæjarstjórinn í Kópavogi

dagsetning


BÆJARSTJÓRINN
Í KÓPAVOGI

12/8'16

Við undirritaðir leigutakar göngum að öllum framangreindum leiguskilmálum og skuldbindum okkur til þess að halda þá í öllum greinum.


leigutaki


10-08-16
dagsetning


leigutaki

10-8'16
dagsetning

Vottar að réttum dagsetningum og undirskrift:

 090854-5349

 230552-5925

Birgir Hlynur Sigurðsson
Skipulagsráðs Kópavogs



Kópavogsbær

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
Fax: 570 1501
kopavogur.is

Kópavogi, 8. mars 2019
GH/gn 1811092

Lögð hefur verið inn til byggingarfulltrúa umsókn um ásamt teikningum fyrir að fá samþykktá reyndarteikningar, sumarhús að Lækjarbotnaland 15

Byggingarfulltrúi vísar erindinu 8. mars 2019 til skipulagsráðs með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Valdimar Gunnarsson
Valdimar Gunnarsson
byggingarfulltrúi

Skipulagsráð



47. fundur

18. mars 2019 kl. 16:30 - 19:30

á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð

Fundinn sátu:

Helga Hauksdóttir formaður

J. Júlíus Hafstein aðalmaður

Hjördís Ýr Johnson aðalmaður

Kristinn D Gissurarson aðalmaður

Bergljót Kristinsdóttir aðalmaður

Einar Örn Þorvarðarson aðalmaður

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir aðalmaður

Starfsmenn

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri

Berglind Ósk Kjartansdóttir starfsmaður umhverfissviðs

Smári Magnús Smárason arkitekt

Valdimar Gunnarsson byggingarfulltrúi

Auður Dagný Kristinsdóttir arkitekt

Guðrún Edda Finnbogadóttir lögfræðingur

Kristjana H Kristjánsdóttir verkefnastjóri

Fundargerð ritaði: Berglind Ósk Kjartansdóttir ritari

Dagskrá

Afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar

1. 1903003F - Bæjarráð - 2949. fundur frá 07.03.2019

1902787 - 201 Smári. Útfærsla deiliskipulags í bæjarrými.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1901414 - Hverfisáætlun Fífuhamms 2019.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1901016 - Dalvegur 30. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1810288 - Tónahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1804615 - Hlíðarvegur 40. Kynning á byggingarleyfi.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1902775 - Fróðabíng 21. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

1902720 - Kársnesbraut 123. Kynning á byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir með fimm atkvæðum að vísa erindinu til úrvinnslu skipulags- og byggingardeildar, sbr. fundargerð skipulagsráðs frá 15.10.2018.

1902772 - Fossvogsbrún 2a. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

Afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar

2. 1902023F - Bæjarstjórn - 1192. fundur frá 12.03.2019

1902787 - 201 Smári. Útfærsla deiliskipulags í bæjarrými.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

1901414 - Hverfisáætlun Fífuhvamms 2019.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

1901016 - Dalvegur 30. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn vísar tillögunni til skipulagsráðs að nýju til frekari úrvinnslu.

1810288 - Tónahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

1804615 - Hlíðarvegur 40. Kynning á byggingarleyfi.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

1902775 - Fróðabíng 21. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

1902772 - Fossvogsbrún 2a. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

Almenn erindi

3. 1903476 - Auðbrekkusvæði. Kynning fyrir skipulagsráð.

Kynning á deiliskipulagi Auðbrekkusvæðisins.

Lagt fram og kynnt.

Almenn erindi

4. 1901050 - Auðbrekka 25-27. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Orra Árnasonar arkitekts dags. 5. desember 2018 fh. lóðarhafa Auðbrekku 25-27. Í erindinu er óskað eftir breytingu á innra skipulagi hússins og koma fyrir 11 gistirýmum á 3. hæð hússins í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 8. gr. um stærri gistiheimili. Lóðamörk breytast og stækkar lóð til suðurs um 5 metra og verður eftir breytingu 2.110 m². Bílastæðum fjölga um 16 stæði. Á fundi skipulagsráðs 7. janúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Auðbrekku 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 26, 28, 30, 32, 34, 36 og 38, Laufbrekku 23, 24, 25, 26, 27, 28 og 30, Dalbrekku 29, 30, 32, 34 og 36 og Nýbýlavegs 8 og 10. Kynningartíma lauk 12. febrúar 2019. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsráðs 18. febrúar 2019 var afgreiðsla málsins frestað og vísað til umsagnar skipulags- og byggingardeildar. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 4. mars 2019.

Skipulagsráð hafnar erindinu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Almenn erindi

5. 1810762 - Brekkuhvarf 1a og 1b. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu ný og breytt tillaga Rafael Campos De Pinho, arkitekts að breyttu deiliskipulagi Brekkuhvarfs 1a og b dags. 1. október 2018. Í gildandi deiliskipulagi frá 2009 er gert ráð fyrir einu einbýlishúsi og hvorri lóð á 1-2 hæðum með nýtingarhlutfall 0,38. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á lóðunum verði byggð 8 raðhús á 2 hæðum auk riss og opinni bílgeymslu. Hámarks flatarmál íbúða er áætlað 140 - 155 m² og hámarkshæð 8 m. Nýtingarhlutfall er áætlað 0,64. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 1. október 2018.

Í þessari nýju tillögu felst sú breyting að fyrirhuguð hús á lóðunum hafa verið lækkuð um eina hæð miðað við þá tillögu sem kynnt var í skipulagsráði 1. október 2018. Á fundi skipulagsráðs 5. nóvember 2018 var samþykkt að framlögð tillaga verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 13. nóvember 2018 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 11. febrúar 2019. Á kynningartíma voru haldnir tveir íbúafundir fyrir íbúa Brekkuhvarfs, Breiðahvarfs og Fornahvarfs, sjá fundargerðir frá íbúafundum. Ábendingar og athugasemdir bárust á kynningartímanum. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 18. mars 2019 og breyttur uppdráttur dags. 18. mars 2019 þar sem í texta greinargerðar hefur verið gert betur grein

fyrir áhrifum skipulagsáætlunarinnar og einstaka stefnumiða hennar á umhverfið og tvö bílastæði sem liggja að Brekkuhvarfi færði innar á lóð.

Skipulagsráð samþykkir tillöguna með áorðnum breytingum dags. 18. mars 2019. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Bergljót Kristinsdóttir, Einar Örn Þorvarðarson og Sigurbjörg Erla Egilsdóttir greiða atkvæði gegn tillögunni.

Fundarhlé kl. 17:29

Fundi fram haldið kl. 17:45

Bókun frá Bergljótu Kristinsdóttur, Einari Erni Þorvarðarsyni og Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur:

"Umrædd þétting í Brekkuhvarfi 1a og 1b er töluvert yfir því sem gerist í nágrenninu líkt og fram kemur í umsögn skipulags- og byggingardeildar.

Vatnsendahverfið hefur hingað til ekki verið skilgreint sem þéttingarsvæði líkt og Kársnesið, Auðbrekkusvæðið, Smárin, Glaðheimar og Nónæðin. Þvert á móti hefur áherslan verið á þéttleika byggðarinnar næst miðju Kópavogs en við jaðarinn eigi byggðin að vera strjalli. Reitinn þarf að kynna heildstætt fyrir íbúum. En þar sem um töluverða stefnubreytingu er að ræða þá væri heppilegra að leggja fram heildstæða framtíðarsýn á öllum reitnum við endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs sem framundan er næstu vikurnar og í samráði við íbúa. Á þessum forsendum sem að ofan greinir og þeim athugasemdum sem komið hafa frá íbúum þá höfnum við tillögunni um breytt deiliskipulag við Brekkuhvarf 1a og 1b."

Bókun frá Hjördísi Ýr Johnson, Helgu Hauksdóttur, Júlíusi Hafstein og Kristni Degi Gissurarsyni:

"Tillagan hefur hvorki í för með sér skerðingu á útsýni né skuggavarp. Komið hefur verið til móts við athugasemdir íbúa varðandi bílastæði."

Almenn erindi

6. 1804616 - Borgarholtsbraut 21. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Björns Gústafssonar byggingartæknifræðings dags. 12. apríl 2018 fh. lóðarhafa að Borgarholtsbraut 21 þar sem óskað er eftir að endurbyggja bílskúr á lóðinni. Í breytingunni felst að núverandi bílskúr á lóðinni verður breikkaður og hækkaður og settir á hann þakgluggar. Bílskúrin stækkar úr 50,3 m² í 63,7 m², samtals stækkun um 13,1 m². Þá lagt fram undirritað samþykki lóðarhafa Borgarholtsbrautar 19. Á fundi skipulagsráðs 7. maí 2018 var samþykkt með tilvísan til 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Borgarholtsbrautar 19, 23 og Meðgerði 2, 4, 6. Athugasemdafresti lauk 5. mars 2019. Engar ábendingar eða athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Skipulagsráð samþykkir tillöguna. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Almenn erindi

7. 1811693 - Hlíðarvegur 31. Kynning á byggingarleyfi.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Jóns Hrafns Hlöðverssonar byggingafræðings dags. 22. október 2018 fh. lóðarhafa Hlíðarvegar 31 þar sem óskað er eftir að skipta upp lóðinni og koma fyrir nýju einbýlishúsi á nýrri lóð. Ný lóð, Hlíðarvegur 31a, verður 450 m² og nýbyggingin 128 m² timburhús án bílgeymslu. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Á fundi skipulagsráðs 7. janúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Hlíðarvegs 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40 og 72, lóðarhöfum Hrauntungu 48, 50 og 52 og Grænutungu 8. Athugasemdafresti lauk 8. mars 2019. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartímanum.

Afgreiðslu frestað. Vísað til umsagnar skipulags- og byggingardeildar.

Almenn erindi

8. 1903236 - Grenigrund 18. Fyrirspurn um stækkun lóðar.

Lögð fram fyrirspurn Rannveigar Ásgeirsdóttur fh. húsfélagsins í Grenigrund 18 um stækkun lóðarinnar og breytt fyrirkomulag bílastæða.

Skipulagsráð lítur neikvætt á framlagða fyrirspurn þar sem um er að ræða opið svæði og leiksvæði sem nýtist fleirum.

Almenn erindi

9. 1903421 - Glósali 4. Fjölgun bílastæða á lóð.

Lagt fram erindi lóðarhafa Glósala 4 þar sem óskað er eftir niðurtekt á kantsteini og fjölgun bílastæða á lóðinni úr tveimur í þrjú.

Skipulagsráð samþykkir erindið enda verði framkvæmdin að fullu kostuð af lóðarhafa.

Almenn erindi

10. 1903480 - Austurkór 72. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi lóðarhafa Austurkórs 72 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi þannig að einbýlishús verði tvíbýli. Á efri hæð væri 116,1 m² íbúð og á neðri hæð 112 m², 19,2 m² bílgeymsla yrði sameign og bílastæðum fjölgað úr þremur í fjögur.

Afgreiðslu frestað.

Almenn erindi

11. 1903606 - Gulapíng 3. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi Andra Gunnars Andréssonar arkitekts, dags. 15. mars 2019 fh. lóðarhafa Gulapings 3 þar sem óskað er eftir að að húsið fari út fyrir byggingarreit á jöðrum þannig að húsið færi þá 2 m. út fyrir byggingarreit suðurhliðar hússins ásamt því að norðaustur horn bílgeymslu fer 2x 1,6 m. út fyrir byggingarreit norðurhliðar. Þakkantur norðurhliðar hússins fer 61 cm. upp úr byggingarreit og suðurhorn austurhliðar fer 41 cm. upp fyrir byggingarreit ásamt því að öll suðurhliðin nær 2m. út fyrir upprunalegan byggingarreit. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 4. febrúar 2019.

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Gulapings 1, 2 og 5, Hólmapings 1, 2, 4 og Heiðapings 2, 4, 6 og 8.

Almenn erindi

12. 1903534 - Lækjarbotnaland 15. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram erindi Sveins Ívarssonar arkitekts, dags. í ágúst 2018, fh. hönd lóðarhafa Lækjarbotnlands 15 þar sem óskað er eftir að reisa viðbyggingu við húsið, alls 27 m² til austurs. Uppdráttur og skýringarmyndir í mkv. 1:50 dags. í ágúst 2018.

Skipulagsráð hafnar erindinu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Kristinn Dagur Gissurarson situr hjá við afgreiðslu málsins.

Almenn erindi

13. 1903155 - Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag o.fl. Óskað eftir umsögnum.

Lagt fram erindi frá bæjarstjórn Garðabæjar vegna auglýsingar á nýjum deiliskipulagsáætlunum. Þær eru:

Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag.

Vífilstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag.

Ásgarður, deiliskipulagsbreyting vegna hringtorgs.

Miðbær, neðsta svæði (svæði III) deiliskipulagsbreyting vegna minnkunar á svæði.

Hörgatún 2, deiliskipulagsbreyting vegna hringtorgs.

Ásar og Grundir, deiliskipulagsbreyting vegna minnkunar á svæði.

Óskað er eftir umsögn.

Lagt fram og kynnt.

Almenn erindi

14. 1901481 - Endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 - nýtt tímabil 2018-2030

Verkstaða, samráð, kynningarfundur, byggðapróun og næstu skref endurskoðunar.

Lagt fram og kynnt.

Almenn erindi

15. 1903547 - Ákvæði í rammahluta aðalskipulags Kópavogs 2018-2030. Tillaga í vinnslu.*Kristjana Kristjánsdóttir verkefnastjóri á Umhverfissviði greinir frá tillögunni.***Lagt fram og kynnt.**

Almenn erindi

16. 1902333 - Borgarlína, kynnisferð.*Skipulagsstjóri greinir frá kynnisferð fulltrúa Umhverfissviðs til Noregs og Danmerkur.***Lagt fram og kynnt.**

Bókun frá Bergljótu Kristinsdóttur, Einari Erni Þorvarðarsyni og Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur:

"Óskað er eftir því að við umfjöllun mála sem áður hafa komið inn á borð ráðsins á fyrri kjörtímabilum skuli ávallt greina frá ferli máls og fyrri niðurstöðu."

Fundir slitið - kl. 19:30.



LÆKJARBOTNALAND 15.



LÆKJARBOTNALAND 15.



LÆKJARBOTNALAND 15.